

26. Frumvarp

til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

I.

Leyfi.

1. gr.

Kvikmyndahús má að eins reka samkvæmt leyfi, sem dómsmálaráðherra veitir, enda sje í öllu gætt þeirra skilyrða, er greinir í leyfisbrjefinu.

Leyfi skal veitt ákveðnum manni; þó má einnig veita leyfi fjelögum, stofnunum og sveitar- eða bæjarfjelögum, en þá skal fyrir leikhúsinu vera forstöðumaður, er leyfisveitandi tekur gildan.

Leyfi til að reka kvikmyndahús eða samþykki til að vera forstöðumaður slíks húss má veita þeim mönnum einum, er færa sönnur á, að þeir hafi næga þekkingu á þeim störfum.

2. gr.

Áður en dómsmálaráðherra veitir leyfi til stofnunar nýs kvikmyndahúss, skal leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar.

II.

Leyfistíminn.

3. gr.

Leyfi gildir um 5 ár, enda hafi það ekki verið löglega veitt áður fyrir lengri tíma.

Nú andast leyfishafi áður en leyfistíminn er á enda, og getur þá ekkja hans komið í hans stað sem leyfishafi, enda sje um það leitað umsagnar sveitar- eða bæjarstjórnar. Bresti ekkju næga þekkingu, skal hún hafa forstöðumann, er leyfisveitandi tekur gildan.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn sveitar- eða bæjarstjórnar, þegar leyfistími er á enda, veitt leyfishafa á ný leyfi, enda hafi hann ekki í verulegum atriðum brotið skyldur sínar á leyfistímanum.

4. gr.

Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er tekið aftur leyfi, ef skilyrða leyfisbrjefsins þykir eigi hafa verið gætt, eða ef leyfishafi gerir sig sekan um eitt-hvað það, sem talið er svívirðilegt að almenningsáliti, eða þykir hafa gerst óverðugur til að hafa leyfið.

III.

Rekstur kvikmyndahúss.

5. gr.

Leyfi skal vera bundið við ákveðin húsakynni.

6. gr.

Leyfishafi má ekki leigja öðrum leyfið. Hann ber ábyrgð á öllum rekstri kvikmyndahússins og skuldbindingum. Leyfishafi skal, hvort sem er um einstakling eða fjelag að ræða, eiga heimili í þeirri sveit eða bæ eða í næstu sveit, þar sem kvikmyndahúsið er, þó ekki lengra en 5 kílómetra frá leikhúsinu.

7. gr.

Í leyfisbrjefi skal áskilið, að skólum skuli heimil notkun kvikmyndahússins til sýninga í þarfir kenstunnar, á þeim tíma, sem það er ekki notað til al-

mennra sýninga, gegn hæfilegu gjaldi, er dómsmálaráðherra ákveður, ef ágreiningur verður.

IV.

Myndskoðun og eftirlit.

8. gr.

Kvikmyndir skulu, áður en þær eru sýndar almenningi, samþykta til sýningar af myndskoðunarmönnum, er dómsmálaráðherra skipar.

Ekki má taka gildar þær myndir, sem telja verður þess eðlis, að þær spilli smekk manna eða góðum siðum.

9. gr.

Á almannafæri eða í húsakynnum, sem almenningur gengur um, má ekki festa upp aðrar auglýsingar viðkomandi kvikmyndahúsum en þær, sem myndskoðunarmaður hefir samþykta og sett á merki sitt.

10. gr.

Fyrir skoðun mynda og auglýsinga skal greiða gjald í ríkissjóð.

Gjaldið ákveður dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um myndskoðun.

11. gr.

Myndskoðun fer fram í hverjum kaupstað, kauptúni eða sveit, þar sem kvikmyndahús er rekið. Tveir myndskoðunarmenn starfa á hverjum stað, og má sýna þá mynd alstaðar í landinu, sem leyfð hefir verið á einum stað. Myndskoðunarmenn geta sett hámarksverð á sæti í kvikmyndahúsi, en úrskurði þeirra má skjóta til dómsmálaráðuneytisins. Um hámarksverð skal taka tillit til meðalverðs undir sambærilegum kringumstæðum í bæjum og borgum á Norðurlöndum.

12. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður hvers konar myndasýningar komi undir ákvæði laga þessara.

V.

Leyfisbrjefgjöldin.

13. gr.

Fyrir kvikmyndaleyfi skal greiða árlegt gjald, sem renni að $\frac{2}{3}$ í ríkissjóð og að $\frac{1}{3}$ í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem kvikmyndahúsið er. Gjaldið skal greitt fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og greiðist einnig af þeim kvikmyndahúsum, sem hafa leyfi til kvikmyndasýninga er lög þessi öðlast gildi. Árgjald

þetta ákveðst í heilum aurum fyrir hvert sæti í kvikmyndahúsum eftir formúlunni:

$$20 \cdot a \cdot \frac{b}{200} \cdot \frac{c}{d}$$

þar sem a merkir tölu leiksýninga í viku, b meðalverð sæta í leikhúsinu, talið í heilum aurum, c íbúatölu í kaupstað eða sveit, þar sem kvikmyndahúsið er, talda í hundruðum, og d tölu sæta samtals í kvikmyndahúsum kaupstaðarins eða sveitarinnar, einnig í hundruðum, þannig, að hundraðsbrot undir 50 telst ekki, en 50 eða meira telst sem heilt hundrað í báðum liðum.

Dómsmálaráðherra getur veitt nýjum kvikmyndahúsum undanþágu frá gjaldi um alt að þriggja ára bil, ef hann telur þess þörf.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1929.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hjer á landi hafa bæjar- og sveitarfjelög veitt leyfi til kvikmyndasýningar. Engin lög eru til um þetta efni. Og bæjarfjelögin hafa hvorki haft eftirlit með verði í kvikmyndahúsum nje innihaldi myndanna.

Niðurstaðan hefir orðið sú sem vænta mátti, að innan um mikið af góðum kvikmyndum, er sýndar hafa verið, hafa slæðst ekki fáar myndir, sem ýmist hafa verið mjög ósmekklegar eða siðspillandi, hafi þá ekki þessir tveir eiginleikar farið saman. Sjerstakar tegundir af barnaspillingu, svo sem hóppjófnaður drengja, hefir sannanlega staðið í beinu sambandi við úrkasts-kvikmyndir, sem sýndar hafa verið eftirlits- og átölulaust.

Í öðru lagi hefir verð á sætum í kvikmyndahúsum alloft verið hjer alveg óhæfilega hátt, enda sjón sögu rikari að kvikmyndahúsin hafa gefið alveg óvenjulega fljóttekinn gróða, án þess að sanngjarnlega mikill hluti af þeim gróða hafi orðið til að ljetta byrðar annara lakar staddra skattborgara, bæði um útsvör og skatta til rikissjóðs.

Frumvarp þetta er í öllum aðalatriðum sniðið eftir samskonar löggjöf á Norðurlöndum, einkum þó í Danmörku. Nái það samþykki Alþingis, mun það tryggja bæjarsjóðum og rikissjóði nokkrar tekjur, og það með þeim hætti, að ekki mun um deilt af óhlutdrægum mönnum, að gjaldstofninn sje rjettmætur. Í öðru lagi mun fyrirbyggt að verð á kvikmyndum sje ósanngjarnlega hátt, og má segja að það atriði hafi mikla þýðingu, þar sem kvikmyndahúsin eru nú langfjölsóttastir skemtistaðir í landinu. Í þriðja lagi er vald kvikmyndanna yfir hugum hinnar ungu kynslóðar ótrúlega mikið, og virðist fara sívaxandi. Það er því sjálfsagt að nota kvikmyndahúsin meira en gert hefir verið til kenslu, svo sem með því að sýna þar landafræðis- og náttúrusögumyndir. Þá er og allmikill hluti þeirra kvikmynda, sem jafnan er á boðstólum, beinlínis fræðandi og skemtandi í einu. En á hinn bóginn er og ekki allitið af kvikmyndum nútímans, sem eingöngu virðist til þess fallið að auka heimsku manna og efla glæpsamlegar hneigðir í óprosk-

uðum mönnum. Slíkar myndir ber að útiloka, og til þess þarf að koma hjer eftirlit með kvikmyndum eins og í öðrum mentalöndum.

Eftirlitið verður að sjálfsögðu mest í höfuðstaðnum, með því að flestar kvikmyndirnar hefja göngu sína þaðan út til hinna kaupstaðanna og kaupsinna. Þó verður ekki komist hjá að hafa eitthvert eftirlit á hverjum stað, þar sem kvikmyndahús starfar, og er svo til ætlast, að tekjur og útgjöld af eftirlitinu standist á, svo að ríkissjóður hafi á þeim lið hvorki tekjur eða halla. Aftur á móti á kvikmyndaskatturinn að geta gefið talsverðar tekjur, enda er honum svo haganlega fyrirkomid, að hann vex með fjárhagsgengi hvers kvikmyndahúss, og lækkar ef keppinautum fjölgar eða verð á sätum lækkar. Um einstakar greinar frumvarpsins þarf ekki að fjölyrða.